

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 446/1993.

Jón Baldur Baldursson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Erni Valdimarssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kaupsamningur. Skuldabréf. Ógildi samninga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2. október 1992. Áfrýjun málsins er lýst í dómi, sem Hæstiréttur kvað upp 20. janúar 1994 og birtur er á bls. 42 í dómasafni þess árs.

Áfrýjandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 4.032.312 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi, greinir aðila ekki lengur á um kröfur í aðalsök í héraði. Hér fyrir dómi er því einungis deilt um gagnsök í héraði.

Vegna ummæla í héraðsdómi um efni kaupsamnings, sem aðilar máls þessa gerðu 30. nóvember 1989, athugist, að greiðsla áfrýjanda var þrífætt, þ. e. í fyrsta lagi fasteignin Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum, í öðru lagi bifreiðin R 79330 og í þriðja lagi 107.542 krónur í peningum. Gagngreiðsla stefnda auk hinna umdeildu skuldabréfa, sem Þorgils Axelsson gaf út, fólst í því, að stefndi tók að sér að greiða veðskuldir, sem hvíldu á fasteigninni Bjarkarhlíð 5, og eru þessar veðskuldir nánar raktar í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur hvorki leitt í ljós, að stefndi hafi beitt svikum við gerð fyrrgreinds kaupsamnings né að aðrar ógildingarástæður samningaréttar leiði til þess, að áfrýjandi sé ekki skuldbundinn af ákvæði samningsins um greiðslu stefnda með hinum umdeildu skuldabréfum. Að öðru leyti þykir mega vísa til forsendna héraðsdóms og staðfesta niðurstöðu hans.

Fyrir héraðsdómi var málið flutt munnlega og dómtekið 22. júní 1992. Síðan var málið endurupptekið, munnlega flutt og dómtekið 2. október 1992 með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála án nokkurra skýringa á drætti þessum. Ber að finna að þessari meðferð héraðsdómara.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Baldur Baldursson, greiði stefnda, Erni Valdimarssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október 1992, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 28. 8. 1991, af Erni Valdimarssyni, kt. 271259-7279, Steinaseli 8, 109 Reykjavík, á hendur Jóni Baldri Baldurssyni, kt. 271141-4919, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík. Málinu var vikið til almenningar meðferðar 26. nóvember 1991. Hinn 28. febrúar 1992 var gagnstefna þingfest.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök eru, að aðalstefnda verði gert að greiða sér 770.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 18. október 1990 auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi kveðst ekki gera ágreining um endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök, en krefst þess, að tekið verði mið af þessu við ákvörðun málskostnaðar við úrslit málsins.

Gerð var frávísunarkrafa af hálfu stefnda í aðalsök, en frá henni var fallið 28. febrúar 1992.

Í gagnsök eru dómkröfur gagnstefnanda þær, að gagnstefnda verði gert að greiða skuld, að fjárhæð 4.032.312 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu og málskostnaðar.

Vísað verður til aðila í aðalsök og gagnsök með nafni.

I.

Málsatvik í aðalsök voru þau, að stefnandi, Örn Valdimarsson, keypti af stefnda, Jóni Baldri Baldurssyni, einbýlishús að Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum, með kaupsamningi, dags. 30. nóvember 1989, en afsal átti að gefa út eigi síðar en 31. janúar 1990. Afhending var ákveðin 1. desember 1989, og við þann dag skyldi uppgjör miðað.

Umsamið kaupverð var 5.100.000 kr., og var það greitt með bifreið, sem metin var á 359.000 kr., sex veðskuldabréfum, samtals að uppreiknuðum höfuðstól 4.034.312 kr., 107.542 kr. í peningum og með því, að kaupandi tók að sér eftirtaldir áhvílandi veðskuldir, sbr. 5. gr. kaupsamnings:

1. a. Lífeyrissjóður verkstjóra	kr.	670.000
b. Lífeyrissjóður verkstjóra (vanskil)	–	340.230
2. Guðrún J. Sigurðard. (síðar Búnaðarb.)	–	522.000

Til að forða eigninni frá uppboði þurfti Örn hins vegar að greiða talsvert meira vegna ofangreindra veðskulda en umsamið var. Hafa aðilar náð samkomulagi um, að krafa Arnar vegna þessa sé 770.000 kr. og að sú fjárhæð beri vexti frá 18. október 1990. Er því eigi lengur ágreiningur með aðilum í aðalsök að öðru leyti en um málskostnað.

II.

Í gagnsök er deilt um greiðslu gagnstefnda, Arnar, skv. ofangreindum kaupsamningi við gagnstefnanda, Jón Baldur, með sex skuldabréfum, samtals að uppreiknuðum höfuðstól 4.034.312 kr., út gefnum af Þorgíli Axelsyni og samkvæmt efni sínu tryggðum með veði í fasteigninni Hverfisgötu 105, Reykjavík, 1. hæð, vesturhluta, eign Þorgils Axelssonar. Eignin Hverfisgata 105 var seld þriðju sölu á nauðungaruppboði 14. desember 1989. Við kaupin voru fimm skuldabréfanna afhent, en Örn hafði samningsbundinn haldsrétt í bréfi, að fjárhæð 800.000 kr., þar til hann fengi afhent afsal fyrir fasteigninni Bjarkarhlíð 5, en Jón Baldur var ekki þinglesinn eigandi þeirrar eignar, heldur db. Sigurðar Magnússonar. Örn eignaðist veðskuldabréfin með kaupsamningi við Þorgils Axelsson, dags. 10. ágúst 1989, um efnagerðina „Okkar hf.“. Í þeim samningi var gert ráð fyrir, að veðstaða skuldabréfanna yrði bætt verulega. Ekki er vísað til þessa í kaupsamningi aðila þessa máls frá 30. nóvember 1989.

Í atvikalýsingu greinir aðila á um aðdraganda þess, að þessi tilteknu veðskuldabréf voru notuð sem greiðsla í viðskiptum aðila þessa máls, og um það, hvernig Jón Baldur nýtti þau eða hugðist nýta. Jón Baldur kveður áform hafa verið uppi um, að hann notaði veðskuldabréfin til þess að kaupa sig inn í rekstur þann, er Þorgils hafði keypt af Erni, en úr því hafi ekki orðið. Hafi hann ekki keypt reksturinn, heldur hluta hans í formi tækja og vöru, og hafi skuldabréfin ekki nýst sér í þeim viðskiptum. Af hálfu Arnar er því haldið fram, að Jón Baldur hafi sérstaklega óskað eftir að fá bréfin sem hluta af kaupverði til þess að kaupa sig inn í þann rekstur, sem Þorgils hafði keypt af Erni, og að hann hafi notað þau til greiðslu á kaupverði efnagerðar og pökkunarverksmiðu Þorgils Axelssonar. Örn hef-

ur skorað á Jón Baldur að leggja fram í máli þessu samning þeirra Þorgils Axelssonar, en ekki hefur verið orðið við því.

III.

Deila aðila í gagnsök snýst um það, hvort framangreind skuldabréf hafi verið fullgild greiðsla eða verðlausir pappírar, svo að skylda til að greiða þann hluta kaupverðs eignarinnar hafi raknað við að nýju.

Jón Baldur heldur því fram, að inntak samnings málsaðila hafi verið, að verðmæti kæmu fyrir hið selda, en ekki verðlausir pappírar. Kveður hann Örn hafa vitað eða mátt vita, að skuldabréfin væru verðlaus, þ. e. myndu ekki greiðast, og hafi hann þannig beitt launung við kaupin. Gerir hann kröfu til þess, að Örn greiði samningsbundið kaupverð Bjarkarhlíðar 5, Egilsstöðum, þar sem sú greiðsla, sem hann hafi látið af hendi, hafi reynst verðlaus, en að meginreglu beri kaupandi ábyrgð á greiðslu kaupverðs.

Jón Baldur kveðst hafa þekkt persónulega vel til útgefanda veðskulda-bréfanna og veðeigandans, Þorgils Axelssonar, en hafi verið grunlaus um erfiða fjárhagsstöðu hans og telur, að hann muni hafa verið úrskurðaður gjaldþrota. Jón Baldur kveður áform hafa verið uppi um, að hann notaði skuldabréfin að hluta til þess að kaupa sig inn í þann rekstur, sem Þorgils hafði keypt af Erni. Fjögur veðskuldabréfanna hafi því verið framseld Þorgils, en framsal fellt niður með áritun sama dag, 10. desember 1989. Kveðst Jón Baldur hafa hætt við þessi áform, en í staðinn stofnað eigið fyrirtæki og keypt vélar, hráefni og fullbúna vöru af Þorgils, þ. e. a. s. hluta af eigninni. Kveðst hann ekki hafa notað veðskuldabréfin í þessum viðskiptum né öðrum.

Kröfur Jóns Baldurs eru reistar á meginreglum samningalaga nr. 7/1936 og kaupalaga nr. 39/1922 per analogiam.

Af hálfu Arnar er því haldið fram, að Jón Baldur hafi notað bréfin til greiðslu á kaupverði efnagerðar og þökkunarverksmiðju, sem hann hafi keypt af Þorgils. Hafi þau verið fullgild greiðsla í þeim viðskiptum Jóns Baldurs og skuldara bréfanna og þannig komið honum að fullum notum, og skipti þá ekki máli, þótt veðið hafi verið selt, án þess að greiðsla kæmi upp í bréfin úr veðréttinum.

Framsál áritað á bréfin og síðari útstrikun þess skipti hér ekki máli eða hvort útstrikunin hafi verið raunhæf.

Örn vísar til fram lagðs kaupsamnings milli sín og Þorgils Axelssonar, dags. 10. ágúst 1989, um efnagerðina „Okkar hf.“, en með honum hafi Örn eignast umrædd veðskuldabréf, út gefin af Þorgils Axelssyni. Samkvæmt ákvæði í þessum kaupsamningi hafi verið lofað að bæta veðtryggingu bréfanna, svo að þau yrðu tryggð innan við 60% af brunabótamati. Jón Baldur

hafi fengið bréfin afhent 29. nóvember 1989 utan eitt bréf, að fjárhæð 800.000 kr., sem afhent hafi verið við afsal, 14. febrúar 1990. Kveður hann það misskilning, að bréfin hafi verið afhent 8. desember 1989. Nauðungarsala á fasteignarhluta Þorgils í Hverfisgötu 105, sem hafi verið veðsett til tryggingar skuldabréfunum, hafi farið fram 14. desember 1989, kaupandi Útvegsbankinn.

Eftir að fasteignin að Hverfisgötu 105 hafi verið seld og veðrétturinn fallið niður, hafi Jón Baldur gefið Erni veðleyfi í húseigninni nr. 5 við Bjarkarhlíð, Egilsstöðum, 30. janúar 1990 og tekið við einu skuldabréfanna, 800.000 kr., eins og umsamið hafi verið, gegn útgáfu afsals 14. febrúar 1990. Ekki séu höfð uppi mótmæli gegn skuldabréfum Þorgils 30. janúar (útg. veðleyfis) og 14. febrúar (útg. afsals), en þá hafi verið búið að selja veðið undan bréfunum. Það sé ekki fyrr en Örn fari að ganga eftir greiðslu vanskila Jóns Baldurs árið 1991 (sic), sem mótmæli séu höfð uppi. Þó hljóti Jóni Baldri að hafa verið kunnugt um veðstöðu bréfanna þá, hafi hann ekki vitað það áður, en þeir Þorgils hafi áður verið nákunnugir, eins og viðurkennt sé, vafalaust einnig, að því er varðað hafi fjármál beggja.

Eins og fram komi á kredítnotu, sem lögð sé fram í málinu, sé Jón Baldur orðinn umráðamaður og væntanlega einnig eigandi að efnagerðinni, sem áður hét „Okkar“, en nú með nýju nafni Efnagerðin Lyngholt hf., kt. 581289-1039, sem sýni, að það félag sé stofnað í desember 1989. Kredítnotan sé dagsett 8. mars 1990, og hafi það verið greiðsla fyrir húsaleigu að Auðbrekku 23, Kópavogi, sem hafi þá enn verið í eigu Arnar, en nýtt af Jóni Baldri.

Augljóst sé af því, sem að framan hafi verið rakið, sbr. fram lögð skjöl, að Jón Baldur hljóti að hafa keypt fyrirtækið, áður „Okkar“, síðar Efnagerðin Lyngholt hf., af umræddum Þorgilsi, og í þeim samningum hafi skuldabréf, út gefin af Þorgilsi, verið gild greiðsla. Svo sé að sjá á framsali skuldabréfs, er fylgt hafi greinargerð Jóns Baldurs í aðalsök, að samningarnir hafi verið gerðir 8. desember 1989; það styðji einnig kennitala hins nýja félags.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði hafi bú Þorgils ekki verið þar til gjaldþrotameðferðar, en hann hafi átt heima í Garðabæ. Það sé því ekki sjálfgefið, að skuldabréfin séu ónýt, þótt vera kunni, að Þorgils sé ekki vel gjaldfær nú.

IV.

Kröfur stefnanda í aðalsök eru óumþrættar og því teknar til greina.

Að því er varðar þá kröfu í gagnsök, að viðurkennt verði, að við rakni að nýju krafa um hluta kaupverðs fyrir fasteignina Bjarkarhlíð 5, Egilsstöðum,

samkvæmt kaupsamningi aðila, gerðum 30. nóvember 1989, nánar tiltekið skuldabréf, að fjárhæð samtals 4.032.312 kr., þá þykir rétt að líta til eftirfarandi atriða:

Um er að ræða sex skuldabréf, öll út gefin af Þorgílsi Axelssyni 10. ágúst 1989, tvö til handhafa, hvort að fjárhæð 800.000 kr., fjögur til Arnar Valdimarssonar, hvert að fjárhæð 577.844 kr., öll tryggð með veði í 1. hæð húseignarinnar Hverfisgötu 105, Reykjavík, hin tvö fyrstnefndu með 9. veðrétti samhliða, en hin samhliða á 10. veðrétti. Önnur lán hvílandi á fasteigninni Hverfisgötu 105 eru tilgreind á veðskuldabréfunum, og gefur sú upptalning tilefni til að ætla, að eignin sé þegar fullveðsett.

Hinn 14. desember 1989 fer fram þriðja nauðungarsala á eigninni, og er hún seld. Þriðja nauðungarsala á sér talsverðan aðdraganda, og hefur nauðungaruppbóð á eigninni verið margauglýst í Lögbirtingablaði og dagblöðum, áður en til þess kemur. Verður því að ætla, að báðir aðilar hafi vitað eða mátt vita um það, að uppbóð á eigninni var yfirvofandi, þegar þeir gerðu kaupsamning sinn.

Upplýst er með framburði Jóns Baldurs Baldurssonar, að hann hafi haft í hyggju að nota veðskuldabréfin í viðskiptum við skuldara þeirra, Þorgíls Axelsson. Þannig hefðu bréfin nýst honum sem gjaldmiðill. Kveður hann þetta hins vegar hafa breyst, þar sem hann hafi hætt við að ganga inn í rekstur fyrirtækisins og tekið við svo miklu af öðrum skuldum Þorgíls Axelssonar í viðskiptum sínum við hann, að hann hafi horfið frá því að nota veðskuldabréfin. Það virðist því ekki hafa verið forsenda Jóns Baldurs við móttöku bréfanna, að þau yrðu greidd samkvæmt hljóðan sinni. Sú breyting, er þarna verður á forsendum Jóns Baldurs, verður ekki rakin til Arnar Valdimarssonar.

Jón Baldur hefur hafnað áskorun Arnar um að leggja fram í málinu samning sinn við Þorgíls. Þykir hann því ekki hafa hrundið þeirri fullyrðingu, að bréfin hafi í raun nýst honum í þessum viðskiptum, eins og hann hefur staðfest fyrir dómnum, að upphaflega hafi staðið til.

Jón Baldur þykir hafa mátt vita um veika veðstöðu skuldabréfanna og slaka fjárhagsstöðu Þorgíls vegna þess, sem áður er rakið, og þar sem hann að eigin sögn tók á sig mikið af öðrum skuldum við kaup þau, er hann gerði við hann. Þrátt fyrir það gerir hann engan rekspöl að því að fá greiðslunni með veðskuldabréfum hnekk.

Samkvæmt framburði Jóns Baldurs fyrir dómnum var honum fyrst ljóst, að bréfin voru vantryggð, í maí eða júní 1990, þegar Búnaðarbanki Íslands hafnar bréfunum. Það er þó ekki fyrr en 25. október s. á. með bréfi lögmanns, að Jón Baldur endurkrefur Örn um fjárhæð skuldabréfanna. Áður,

18. október, hafði lögmaður Arnar farið fram á umræður vegna vanefnda Jóns Baldurs. Ekki verður séð, að reynt hafi verið að innheimta þessi tilteknu bréf á gjalddögum þeirra eða síðar. Ekki þykir liggja fyrir í málinu fullnægjandi staðfesting þess, að þau fáið ekki greidd. Ósonnuð er sú fullyrðing, að bú Þorgils Axelssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með vísan til þessara atriða, sem hér hafa verið rakin, er niðurstaða dómsins sú, að ætla verði, að Jón Baldur hafi ekki verið grandlaus um veðstöðu skuldabréfanna, þegar viðskipti aðila voru gerð, og hann hafi þrátt fyrir það tekið við þeim án fyrirvara sem fullgildri greiðslu og í samræmi við eigin forsendur. Auk þess þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að bréfin séu óinnheimtanleg.

Þegar allt þetta er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, ákvarðast, að stefndi í gagnsök, Örn Valdimarsson, skuli vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Jóns Baldurs Baldurssonar.

Rétt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, en að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Jón Baldur Baldursson, greiði aðalstefnanda, Erni Valdimarssyni, 770.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. október 1990 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaður án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndi, Örn Valdimarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Jóns Baldurs Baldurssonar. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.